

Reykjavík 1. febrúar 2010

Til formanna klúbba í Soroptimistasambandi Íslands

Kæru formenn

Landssambandsfundur á Húsavík

Eins og þegar hefur komið fram varð að færa Landssambandsfundinn um eina viku og verður hann haldinn á Húsavík 17. apríl 2010.

Ég hef kannað með rútu frá Reykjavík og getum við fengið hana á hagstæðu verði, en miðað við 50 manna rútu, yrði kostnaður um kr. 6.000 á konu. Við þyrftum að leggja af stað á föstudeginum 16. apríl kl. 11:00 til þess að vera komnar vel fyrir móttöku hjá Húsavíkurkonum kl. 20:00. Þið munið hvað var gaman að fara saman í rútu á Sauðárkrók hérna um árið þegar snjóaði sem mest. Frekari upplýsingar um fundinn og kostnað eru væntanlegar á næstu dögum.

Framboð til embætta Landssambandsins

Enn vantar framboð í nokkur embætti á vegum Landssambandsins fyrir tímabilið 2010-2012. Bið ég ykkur að vera nú snöggar að bjóða fram í eftirfarandi embætti:

Varaendurskoðanda 1 konu

Laga- og reglugerðanefnd 1 konu

Fjárhagsnefnd 1 konu

Verkefnastjóra alþjóðlegrar vináttu og skilnings

Verkefnastjóra efnahags- og félagslegrar þróunar

Verkefnastjóra mennta- og menningarmála

Myndir á vef

Ég minni ykkur enn og aftur á passamyndir af systurum sem birta á í nafnalista á vef. Endilega sendið þær til Maríu Bjargar hið fyrsta. Netfang hennar er: miabjorg@gmail.com

Heimasíða Soroptimistasambandsins

Ég vil minna ykkur á heimasíðuna okkar. Þar er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um samtökin. www.soroptimist.is

Notendanafn að innri vef er **soropt** og lykilorðið er **systir**.

Norrænir vinadagar í Bergen

Norrænir vinadagar verða haldnir í Bergen dagana 11.-13 júní 2010. Upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu okkar undir „Á döfinni“. Gaman væri ef þátttaka frá Íslandi yrði góð en athugið að þáttökugjaldið hækkar eftir 1. mars.

Hikið ekki við að senda mér og/eða öðrum stjórnarkonum fyrirspurnir.

Með bestu óskum um öflugt og gott starf.

Systrakveðja
Guðrún Erla Björgvinsdóttir
forseti SI

Guðrún Erla Björgvinsdóttir
Safamýri 67
108 Reykjavík
Sími 5888842
gudbjo@simnet.is

Soroptimistasamband Íslands
Hamraborg 10
200 Kópavogur, Ísland
Sími 891-7179
soroptimist@soroptimist.is

SI/E Headquarters Office
72,route de Florissant
CH-1206, Genève, Switzerland
Tel 00-41-223460880
siehq@soroptimisteurope.org